

greiðsludags og kr. 45.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. janúar 1977.

Nr. 230/1976. **Brynjólfur Bjarnason**
 gegn
Gunnvöru h/f.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Með kæru 29. nóvember 1976, sem barst Hæstarétti 8. desember s. á., hefur sóknaraðili samkvæmt heimild í 21. gr., 1. mgr., 1. tl. b, laga nr. 75/1973 kært til Hæstaréttar frávísunardóm sjó- og verslunardóms Ísafjarðar, uppkveðinn 18. nóvember 1976. Krefst hann þess, að dómurinn verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir sjó- og verslunardóminn að taka málið til efnismeðferðar. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Sóknaraðili sækir varnaraðilja í máli þessu um greiðslu aflahlutar, sem hann telur vangoldinn, fyrir tímabilið frá 16. febrúar til 20. maí 1976. Telur hann, að um kaup hans og kjör fari eftir samningi milli Alþýðusambands Vestfjarða og Útvegsmanafélags Vestfjarða frá 13. apríl 1975, sem eigi hafi verið sagt upp og gildi óbreyttur. Varnaraðili byggir sýknukröfu sína m. a. á því, að bráðabirgðalög nr. 98 frá 6. september 1976 hafi breytt ákvæðum kjarasamnings þessa um hlutaskipti. Sóknaraðili heldur því aftur á móti fram, að ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar girði fyrir það, að fyrrgreindum bráðabirgðalögum verði beitt varðandi kröfu hans í málinu fyrir tímann, áður en þau tóku gildi. Eins og mál

Þetta horfir við, sætir það úrlausn sjó- og verslunardóms. Samkvæmt því ber að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og leggja fyrir sjó- og verslunardóminn að dæma málið að efni til.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Dómur sjó- og verslunardóms Ísafjarðar 18. nóvember 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var í gær, hefur Brynjólfur Bjarnason sjómaður, Tangagötu 15 B, Ísafirði, höfðað fyrir dóminum með stefnu 9. nóvember á hendur Birgi Valdimarssyni framkvæmdastjóra, Eyrargötu 8, Ísafirði, f. h. Gunnvarar h/f, Ísafirði, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 177.378 ásamt 2% dráttarvöxtum p. m. eða broti úr mánuði frá 20. maí 1976 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu stefnda er krafist aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi. Til vara er krafist sýknu af öllum dómkröfum stefnanda, og í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að á síðustu vetrarvertíð var stefnandi háseti á togskipinu Júlíusi Geirmundssyni, ÍS 270, sem gert er út af Gunnvöru h/f, Ísafirði, stefnda í máli þessu. Gert var upp við stefnanda miðað við skiptaprósentu 28.3% frá 16. febrúar sl., en þá tóku bráðabirgðalög forseta Íslands nr. 98/1976 gildi. Í bráðabirgðalögum nr. 98/1976 frá 6. september sl. um kaup og kjör sjómanna er ákveðið, sbr. 1. gr. laganna, að fylgiskjal nr. VII skuli gilda um kjarasamninga milli Alþýðusambands Vestfjarða og Útvegsmannafélags Vestfjarða frá 16. febrúar 1976, en þar er ákveðið, að skiptaprósentan 28.3% skuli gilda á skuttogurum af minni gerð, sem hafa 15 í höfn. Stefnandi telur hins vegar, að skiptaprósentan hafi átt að vera 35% allan tímann, þar sem kjarasamningur milli Alþýðusambands Vestfjarða og Útvegsmannafélags Vestfjarða frá 13. apríl 1975 sé enn í gildi.

Að öðru leyti er ekki ágreiningur um uppgjörið. Einnig er

ágreiningslaust, að skuttogarinn Júlíus Geirmundsson, ÍS 270, sé skuttogari af minni gerð, 407 brúttólestir.

Frávísunarkrafa stefnda er á því byggð, að stefna eigi máli þessu fyrir Félagsdóm skv. 2. tl. 44. gr. laga nr. 80/1938. Einnig er krafist frávísunar á þeirri forsendu, að 17. ágúst sl. hafi Félagsdómur kveðið upp dóm í málinu nr. 2/1976: Farmanna- og fiskimannasamband Íslands gegn Landssambandi íslenskra útvegs-
manna, þar sem deilt var um sama ágreiningsefni og hér er til meðferðar. Stefndi færir þau rök fyrir frávísunarkröfu sinni, að mál þetta sé í raun höfðað sem prófmál að undirlagi Alþýðusambands Vestfjarða til þess að fá úr því skorið, hvort svonefnd sjóðakerfisbreyting gildi fyrir vestfirski sjómenn einnig eða hvort kjarasamningur sá, sem undirritaður var hinn 13. apríl 1975 milli Alþýðusambands Vestfjarða og Útvegsmanafélags Vestfjarða, gildi óbreyttur. Mál þetta sé því umfangsmikið og mundi niðurstaða í því ekki aðeins varða stefnanda, heldur alla starfandi sjómenn á Vestfjörðum.

Af hálfu stefnanda eru gerðar þær kröfur, að kröfu stefnda um frávísun málsins verði hafnað og efnisdómur lagður á málið. Stefnandi telur, að túlka beri ákvæði 2. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 þröngt og hinum almenna dómstóli sé rétt að meta öll atriði, er varða kaupkröfu stefnanda, þ. á m. hvort breytingar á skipulagi sjóðakerfis sjávarútvegsins með tilheyrandi ályktunum og yfirlýsingum viðkomandi aðilja hafi fellt úr gildi eða breytt að einhverju leyti vertíðarsamningi Alþýðusambands Vestfjarða og Útvegsmanafélags Vestfjarða. Einnig sé á það að líta, að mjög varasamt sé að útiloka hina almennu dómstóla frá að dæma í þeim málum, sem snerta hagsmuni einstaklinga í svo ríki mæli sem hér. Varðandi þá kröfu stefnda, að vísa beri málinu frá á þeirri forsendu, að Félagsdómur hafi þegar fjallað um sama ágreiningsefni, telur stefnandi, að sá dómur hafi eigi réttaráhrif fyrir mál þetta.

Efnisúrslit í máli þessu byggist á því, hvaða kjarasamningar teljast í gildi milli Alþýðusambands Vestfjarða og Útvegsmanafélags Vestfjarða. Niðurstaða í því mundi ekki aðeins varða stefnanda, heldur alla starfandi sjómenn á Vestfjörðum. Þykir hér vera um slíkt grundvallarágreiningsefni að ræða, að úrlausn þess beri undir Félagsdóm sem sérdómsmál samkvæmt ákvæði 2. tl. 1. mgr. 44. gr., sbr. 47. gr. laga nr. 80/1938. Þykir því bera að vísa máli þessu frá dómi. Eftir atvikum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda 30.000 kr. í málskostnað.

Gunnar Aðalsteinsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Símoni Helgasyni og Sturlu Halldórssyni, fyrrverandi skipstjórum.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Stefnandi, Brynjólfur Bjarnason, greiði stefnda, Gunnvöru h/f, 30.000 kr. í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 1. febrúar 1977.

Nr. 20/1974. **Byggingarsamvinnufélag atvinnubifreiðastjóra í Reykjavík og nágrenni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Jóhannesi Long

(Ágúst Fjeldsted hrl.).

Byggingarsamvinnufélag. Úrsögn. Endurgreiðsla.
Verðtrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. janúar 1974. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum stefnda, en til vara, að sér verði aðeins dæmt að greiða honum 9.536 krónur og 12.690 krónur til þrautavara. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn.

Íbúð sú, sem byggingarsamningur málsaðilja laut að, var í fjölbýlishúsi. Samkvæmt málflytningi hér fyrir dómi var